

# Skína smástjörnur

Þróunarverkefni unnið í leikskólunum Björtuhlíð, Hálsaskógi, Langholti og Laugasól.

## Áfangaskýrsla í júlí 2013.

Þróunarverkefnið Skína smástjörnur er samstarfsverkefni leikskólanna Björtuhlíðar, Hálsaskógar, Langholts og Laugasólar, sem allir búa við þá sérstöðu að vera starfræktir í tveimur húsum þar sem yngri börnin eru í öðru húsinu en þau eldri í hinu. Verkefnið hófst í júní 2012 og er hugsað til þriggja ára. Það hlaut styrk frá skóla- og frístundaráði að upphæð 3,5 milljónir vorið 2012.

MEGINMARKMIÐ verkefnisins er að þróa gæðastarf í leikskólum, á yngri barna deildum, í gegnum námsumhverfi, starfsaðferðir og foreldrasamstarf.

ÞÁTTTAKENDUR í verkefninu eru allir starfsmenn leikskólanna Björtuhlíðar, Hálsaskógar, Langholts og Laugasólar sem starfa í þeim hlutum leikskólanna sem ætlaðir eru yngri börnum. Þetta eru, auk leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra, 12 deildarstjórar og u.þ.b. 40 starfsmenn, þ.e. 3 deildarstjórar í hverjum leikskóla (vorið 2013 bættist fjórði deildarstjórinn við í einu húsanu) og u.þ.b. 9 starfsmenn auk sérkennslustjóra.

Í öllum leikskólunum voru veturinn 2012 - 2013 þrjár yngri barna deildir sem á þó voru nokkuð misstórar eða frá 15 börnum til 27 barna. Alls voru börnin í verkefninu 214, flest fædd árið 2010 en nokkur árið 2009 og einnig árið 2011.

VERKEFNISSTJÓRN skipa:

- Arndís Bjarnadóttir, leikskólastjóri Björtuhlíðar
- Helga Alexandersdóttir, leikskólastjóri Laugasólar
- Hrefna Sigurðardóttir, leikskólastjóri Langholts

- Inga Dóra Jónsdóttir leikskólastjóri Hálsaskógar
- Ingibjörg Margrét Gunnlaugsdóttir, þróunarfulltrúi á fagskrifstofu SFS.
- Hrönn Pálmadóttir lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og faglegur ráðgjafi verkefnisins.



Á því ári sem liðið er frá upphafi verkefnisins hefur verið að byggjast upp gróskumikið lærdómssamfélag sem byggir á samstarfi og samráði fagfólks sem allt vinnur að sama marki. Horft hefur verið til nýjustu hugmynda fræðimanna við mótun og þróun gæðastarfs með yngstu börnunum. Áhersla er m.a. á að vinna með viðhorf starfsmanna til getu og viðfangsefna yngstu barnanna og leitast við að gera starfið með þeim sýnilegt og í því skyni hafa myndaskráningar og myndbands-upptökur verið notaðar. Í verkefninu er m.a. skoðað á hvern hátt dagskipulag, umhyggja, námsumhverfi, hópastærðir og aðferðir í foreldrasamstarfi styðja við nám og vellíðan yngstu barnanna. Mat á verkefninu hefur farið fram jafnt og þétt á tímabilinu og fjölbreyttum gögnum verið safnað. Fyrstu niðurstöður gefa til kynna ýmsar breytingar á námsumhverfi

barnanna og jafnframt breytingar á

skipulagi aðlögunar.

### Greinargerð um gildi verkefnisins

Umtalsverðar breytingar hafa átt sér stað í leikskólastarfi á undanförunum árum og eru nú nánast öll tveggja til fimm ára börn í leikskólum landsins (Hagstofa Íslands, 2011).

Þegar GÆÐI í leikskólastarfi eru rædd er erfitt að finna einhlíta skýringu á hvað hugtakið felur í sér. Skoðanir geta verið ólíkar og jafnframt menningarbundið hvað er talið best fyrir börn. Johansson (2007) vísar í rannsókn Sheridan sem heldur því fram að gæði í leikskólastarfi verði að fela í sér sjónarhorn barnsins auk þess sem er „best“ og styður við nám og þroska barna. Hugmyndir um það hvað er best fyrir börn byggja á gildum og markmiðum námskrár, nútíma kenningum um nám barna ásamt rannsóknum á gæðum í leikskólastarfi. Fræðimenn hafa lagt áherslu á að líta á gæði sem vítt hugtak sem tengist bæði innri og ytri skilyrðum leikskólastarfs; svo sem fjölskyldunni og barninu, leikskólanum auk efnahagslegra og félagslegra þátta í samfélaginu (Dahlberg, Moss og Pence 1999; Johansson, 2007).

NÁMSUMHVERFI barna í leikskóla felur í sér bæði efnislegt og félagslegt umhverfi sem skapa forsendur og hafa áhrif á þátttöku barna og nám. Hugmyndir leikskólakennara um uppeldi og menntun í leikskóla endurspeglast gjarnan í starfsaðferðum, samskiptum og stuðningi sem börnum er veittur. Jafnframt í skipulagi deilda og í þeim efnivið sem börnunum stendur til boða (Johansson, 2004; Jóhanna Einarsdóttir, 2008). Námsumhverfið ætti bjóða upp á ríkuleg tækifæri, bæði úti og inni, til líkamlegrar tjáningar og sköpunar sem ýtir undir tengsl og leik milli barna. Börn eiga að geta valið á milli fjölbreyttra athafna og leikefnis í því skyni að finna það sem fangar

áhuga þeirra og hvetur þau til virkrar þátttöku (Duffy, 2005; Nordin-Hultman, 2004). Í okkar menningarheimi er læsi lykill að menntunarlegri velgengni og því



mikilvægt að skilgreina læsishugtakið vítt. Huga þarf að bókakosti sem yngstu börnunum stendur til boða og leggja áherslu á lestur og söng og hvetja foreldra til að lesa fyrir börn sín frá unga aldri (Goldsmith, 2004).


STARFSADFERÐIR og fagmennska leikskólakennara með yngstu borgurunum beinist í ríkum mæli að því að samtvinna umhyggju og nám. Það er tilhneiging í þá veru að aðgreina þessi tvö hugtök sem getur leitt til þess að athafnir og reynsla ungra barna er síður tengd námi en athafnir eldri barna. Í leikskólastarfi með ungum börnum er lagður grunnur að því að börn geti skapað tengsl, sýnt umhyggju og lært í samskiptum sínum hvert við annað. Börn eru ekki einslitur hópur, en öll börn eiga rétt á að því að vera virt sem einstaklingar sem hlustað er á. Leikskólastarfið ætti því að miða að því að æfa lýðræðislega þátttöku barnanna frá blautu barnsbeini (Samningur Sameinuðu þjóðanna; 1989; 1992; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011; United Nations, 2005). Bent hefur verið á að umhyggja og viðurkennandi samskipti við

börn sem byggjast á því að nálgast sjónarhól þeirra ýti undir nám þeirra og samskipti (Bae, 1996, 2010). Einnig hefur komið í ljós í rannsóknum að glettni og tilfinningaleg nánd í samskiptum fullorðinna og barna virðast vera mikilvægir þættir fyrir nám þeirra (Goouch, 2008; Eriksen, Ødegaard, 2007).

Góð tengsl og SAMSTARF VIÐ FORELDRA eru áhrifaríkir þættir í þróun á gæðastarfi í leikskólum. Foreldrar eru mikilvægustu aðilarnir í lífi barna og er veruleiki þeirra og sjónarhorn annað en sjónarhorn leikskólakennara (Jóhanna Einarsdóttir, 2010). Þekking foreldra á eigin börnum hefur áhrif á og skiptir máli fyrir leikskólastarfið. Samstarfið getur skapað mikilvæga samfellu í lífi barna og brú á milli þeirra heima sem börnin lifa og hrærast í, á degi hverjum. Foreldrar eru fjölbreyttur hópur sem eiga það, í það minnsta, sameiginlegt að vera foreldrar í þessum tiltekna leikskóla. Þekking á menningu og tungumáli fjölskyldunnar þarf að vera til

staðar í leikskólanum. Það er brýnt að leita leiða til þess að efla samstarf við foreldra þannig að bæði leikskólakennarar og foreldrar trúu því að framlag þeirra skipti máli fyrir vellíðan barnsins og nám (Cummings, 2008; Whalley og Dennison, 2008).

GILDI ÞRÓUNARVERKEFNISINS felst í því að byggja upp fagþekkingu og reynslu á starfi með ungum börnum í leikskólum. Jafnframt að varpa ljósi á þætti sem hafa áhrif á og skapa forsendur fyrir þróun á gæðastarfi í leikskólum. Gera má ráð fyrir því að slíkt þróunar- og nýbreytnistarf sem hér um ræðir muni hafa jákvæð og uppbyggileg áhrif á þátttakendur, og efla samstarf og vellíðan barna, starfsfólks og foreldra leikskólanna. Ætla má að fagfólk annarra leikskóla sem og stefnumótandi aðilar geti fært sér niðurstöður mats á þróunarverkefninu í nyt.



*Námsumhverfi barna í leikskóla felur í sér bæði efnislegt og félagslegt umhverfi sem skapa forsendur og hafa áhrif á þátttöku barna*

## Framgangur verkefnisins

Í tímaáætlun verkefnisins var gert ráð fyrir að fyrsta árið 2012 – 2013 nýttist til fræðslu, samtals og að prófa mismunandi starfshætti í leikskólunum. Það sem hefur verið gert er eftirfarandi:

### Í starfi með yngstu börnunum í Pen Green er lögð áhersla á:

- skilyrði sem stuðla að námi og stuðningi við félags- og tilfinningarlegar þarfir barna,
- hrynjandi í skipulagi þar sem börnin finna sig örugg og sjálfstæð,
- tengslapersónu sem er skuldbundin barninu á meðan það er í hreiðrinu,
- námsumhverfi sem hvetur börn til að taka heilbrigðar ákvarðanir, verða sjálfstæð og öðlast tilfinningu og reynslu af því að tilheyra hópi,
- samstarf við foreldra til að styðja við þarfir hvers barns og fjölskyldu þess.

## Fundir

Á fyrsta ári verkefnisins voru haldnir átta fræðslu- og umræðufundir, ýmist fyrir alla þátttakendur verkefnisins eða deildarstjóra eingöngu. Á milli þessara stóru funda hittist verkefnisstjórn reglulega til að meta stöðu verkefnisins og ákveða næstu skref.

Dagana 11. – 14. júní 2012 voru fundir, með starfsfólki hvers leikskóla, þar sem verkefnið var kynnt og Hrönn Pálmadóttir sagði frá starfi og hugmyndafræði í starfi yngstu leikskóladeildarinnar, *Hreiðrinu*, í PEN GREEN, sem er fjölskyldumiðstöð í Curby, á Englandi.

Á þessum fundum skráðu starfsmenn jafnframt HUGMYNDIR SÍNAR OG VÆNTINGAR til

verkefnisins og hefur sú skráning verið leiðbeinandi fyrir framgang verkefnisins.

Það helsta sem þar kom fram var:

- Að styrkja sig í starfi, bæta samvinnu og að upplifa sig sem hluta af liðsheid sem stefnir að sama marki.
- Tækifæri til að kynnst nýjum stefnum og straumum.
- Rýna í starfið með það fyrir augum að efla fagvitund og meðvitund um menntunarhlutverk leikskólans.
- Byggja starfið á hugmyndum um börn sem getumikil og hæf.
- Námsumhverfið endurspeglir þá áherslu að efla sjálfræði, félagslega virkni og þátttöku barnanna.

### Viðhorf til barna í dag:

- Barnið lærir og þroskast sem einstaklingur fyrir eigin kraft.
- Barnið er getu- og hæfileikaríkt.

Sumarið 2012 fór starfsfólk leikskólanna fjögurra í HEIMSÓKNIR hvert til annars til að kynnst starfi samstarfsleikskólanna og aðstæðum þeirra.

26. september 2012 var haldinn sameiginlegur fræðslu og umræðufundur allra þátttakenda þar sem Hrönn Pálmadóttir fjallaði um VIÐHORF TIL BARNA OG NÁMSUMHVERFIÐ.

20. nóvember 2012 var fundur með deildarstjórum um GÆÐI Í NÁMSUMHVERFI BARNA þar sem Hrönn Pálmadóttir var með erindi og síðan unnu deildarstjórar í hópum.

24. janúar 2013 var fundur með deildarstjórum leikskólanna þar sem litið var yfir farinn veg, fjallað UM FAGLEGA FORYSTU, LIÐSHEILD OG FERLIÐ FRAMUNDAN, auk þess sem Hrönn Pálmadóttir flutti erindi um AÐ SKOÐA SAMSKIPTI MEÐ MYNDBANDSUPPTÖKUM. Á eftir kynntu leikskólarnir það sem þeir hafa verið að gera í skráningum á námi barnanna.

26. febrúar 2013 hittust allir þátttakendur verkefnisins á fundi sem fjallaði um SKRÁNINGAR. Þar sýndi hver leikskóli stutta myndbandsskráningu úr starfinu; svo sem úr fataherbergi, leik barna og samskipti leikskólakennara og barna úti og inni. Skráningarnar urðu uppspretta umræðna milli þátttakenda.

10. apríl 2013 var fræðslufundur fyrir alla þátttakendur verkefnisins um FORELDRASAMSTARF. Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir og Sigrún Einarsdóttir



fjölluðu um nýlega handbók SFS, FJÖLSKYLDU OG LEIKSKÓLA og hugmyndafræði hennar. Einnig sagði Ásgerður Guðnadóttir aðstoðarleikskólastjóri í Fífuborg frá ÞRÓUN FORELDRASAMSTARFS Í FÍFUBORG.

23. maí var annar fundur um SKRÁNINGAR



þar sem deildarstjórar hvers leikskóla sýndu myndbandsskráningar þar sem áherslan var á hlutverk hins fullorðna í leik barna.

Starfsaðferðir og fagmennska leikskólakennara með yngstu borgurunum beinist í ríkum mæli að því að samtvinna umhyggju og nám

## Mat á verkefninu


Í september tók starfsfólk MYNDIR AF NÁMSUMHVERFI barnanna eins og það leit út við upphaf



verkefnisins. Hugmyndin er að taka síðan sambærilegar myndir við lok verkefnisins til að sjá hvort einhverjar breytingar hafa orðið á skipulagi í námsumhverfi barnanna, er þar m.a. átt við aðgengi barna að efniviði, nýjan efnivið, rými til hreyfingar o.fl. Í október 2012 fundaði verkefnisstjóri með deildarstjórum hvers leikskóla um AÐLÖGUN HAUSTSINS 2012 og gang verkefnisins. Þrír leikskólanna voru með þátttökuaðlögun og einn leikskólanna var með aðlögun sem lengist dag frá degi.

Þátttökuaðlögun felst í því að foreldrar dvelja með börnum sínum í leikskólanum fyrstu dagana og taka þátt í starfinu en í aðlögun sem lengist dag frá degi dvelur foreldri og barn stuttan tíma saman í leikskólanum fyrsta daginn en síðan lengist dvöl barnsins dag frá degi en dvöl foreldris styttist.

## Mat á aðlögun




Í mars 2013 var svo lögð fyrir könnun, í samvinnu við tölfræði- og rannsóknardeild SFS (TOR) á AÐLÖGUN HAUSTSINS 2012. Niðurstöður hennar voru helstar þær að 65% starfsmanna í verkefninu voru að takast á við skipulag aðlögunar sem þeir höfðu ekki áður unnið eftir. Athygli vakti að meiri ánægja var með aðlögunina í þeim leikskólum sem unnu með þátttökuaðlögun þrátt fyrir að margt starfsfólk væri þar að takast á við nýja starfshætti.

Í könnuninni var starfsfólk spurt um hvað það hefði verið ánægðast með og meðal þess helsta sem kom fram í opnum spurningum var eftirfarandi:

- Sterkari tengsl við foreldra, börnin voru öruggari en oft áður. En foreldrasamstarfið stendur uppúr fyrir mér. Foreldrahópurinn tengist einnig betur.
- Börnin voru öruggari og minni grátur eftir að foreldrar hættu að vera með
- Hvað börnin urðu örugg og fljót að aðlagast leikskólastarfinu eftir að hafa verið með foreldrunum í aðlöguninni
- Mér fannst gott að foreldrar væru með fyrstu dagana til þess að kynna þeim og þau fengu innsýn í leikskólastarfið og fengi að kynna. Eins fannst mér gott að taka alveg 3 daga í aðlögunina og svo var henni að mestu lokið því börnin voru flest orðin mjög örugg á 3ja degi þegar foreldrarnir kvöddu.
- Samvinna foreldra og starfsmanna. Hvað starfsmenn nutu sín í starfi og gerðu sitt besta.
- Ekki of mörg börn í einu. Þau eru svo ung, get frekar sinnt þeim ef þau eru ekki mörg.

Jafnframt setti starfsfólk fram hvað hefði mátt fara betur ásamt hugmyndum sínum um leiðir til að efla tengsl við foreldra svo þeir upplifi sig velkomna í leikskólann. Þær ábendingar nýttast leikskólunum við skipulag aðlögunar á árinu 2013.

Í könnuninni var jafnframt skoðað hvaða aðferðir leikskólarnir notuðu til að koma upplýsingum um leikskólafarir og framgang aðlögunarinnar, til foreldra á aðlögunartímanum (sjá mynd).



Aðrar leiðir sem starfsfólk nefndi að það notaði til að koma upplýsingum á framfæri við foreldra voru:

- Kynningafundur
- Upplýsingar inni á deild í aðlögun
- Á foreldrafundum
- Í fyrsta viðtali áður en vistun hófst
- SMS
- Ljósmyndir sýndar foreldrum
- Einstaklingsskráningar
- Foreldraviðtöl
- Heimasíða
- Foreldrakaffi
- Öppinn leikskóladagur
- Viðtal við deildarstjóra

## Mat deildarstjóra

Sumarið 2013 sendi Hrönn Pálmadóttir, faglegur ráðgjafi verkefnisins út SPURNINGAKÖNNUN þar sem leitað var eftir viðhorfum deildarstjóra, leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra til viðfangsefna og aðferða sem byggt hefur verið á í þróunarverkefninu fram til þessa. Þar var spurt um það hvernig fræðsla og stuðningur við verkefnið hefur nýst og hvort eitthvað í námsumhverfi, dagskipulagi og starfsháttum hafi breyst frá því að verkefnið hófst. Jafnframt var kallað eftir hverjar áherslur verkefnisins ættu að vera á komandi starfsári.

Hér er gerð grein fyrir h elstu niðurstöðum úr svörum deildarstjóranna tólf:

Allir deildarstjórnir töldu að umfjöllun og umræður um viðhorf til barna og áhrif á leikskólastarf hafi gagnast fremur eða mjög vel. Ein þeirra sagði: „Það sem ég er ánægð með er m.a. að verkefnið hefur nýst í leiðsögn til starfsfólks á deildinni, ég hef nýtt mér margt af því sem hefur verið lesið og rætt til að leiðbeina starfsfólki og segja þeim hvernig við viljum hafa hlutina.“

Flestir deildarstjóranna töldu að umfjöllun og verkefni um, réttindi og sjónarhorn barna, námsumhverfi, leikefni og faglega forystu hafi gagnast fremur eða mjög vel en þó voru nokkrir sem töldu það hafa gagnast frekar lítið eða hvorki vel né lítið.

Flestir deildarstjóranna töldu einnig að umfjöllun og verkefni um foreldrasamstarf gagnaðist fremur vel eða mjög vel og ein

sagði: “Nýttist vel, kveikti hugmyndir að því hvernig við getum gert betur og bætt við.”

Þegar deildarstjórar voru spurðir um það hvort breytingar hefðu orðið á efnislegu umhverfi, sögðu sjö deildarstjórar að svo væri en fimm ekki. Þeir deildarstjórar sem sögðu umhverfið hafa breyst nefndu

Þegar spurt var um hvort breytingar hefðu orðið á dagskipulagi, starfsháttum og viðhorfum skiptist mat deildarstjóranna með sama hætti þ.e. sjö töldu svo vera en fimm ekki. Dæmi um breytingar eru:

- Meira flæði fyrir leik barnanna og í hópastarfi.
- Meira val innan hvers svæðis.
- Skipulagið miðar meira að þörfum barnanna, lengri leiktími fyrir börnin (*erfitt að fá starfsfólk til að fylgja því*).
- Meðvitaðri um umönnun sem námsleið- þ.e. klæða inn og út, salernisferðir fá nú meiri tíma í dagskipulagi.
- Viðhorf breyst, börn getumikil og hæf, hugsað og meira rætt.
- Breytingar á kaffitíma-einn í hádegi í stað þess að brjóta upp morguninn.
- Minni hræðsla við að prófa nýja hluti.
- Meiri meðvitund um samskipti.
- Passa að verkefni hæfi aldri og þroska.
- Efniviður aðgengilegur.
- „Mikill munur á ungu og nýju starfsfólki þegar það horfir á börn í leik, t.d. að hlaupa kringum borð er nú virt sem samskiptaleið en ekki stoppað af með skömmum strax

Um þátttöku í þróunarverkefninu komu fram ólík sjónarmið deildarstjóranna. Mikilvægt er að hafa í huga, þegar þessar niðurstöður eru skoðaðar, að verkefnið var hluti af mun stærra verkefni þessara leikskóla sem var sameining leikskóla og í kjölfar hennar skipulagsbreytingar sem fólu í sér að aldurskipta börnum á milli húsa.

- „Mér finnst við hafa farið of snemma af stað í þetta verkefni þar sem þessi vetur fór í að kynna starfsfólki í þessu húsi... og að vinna með lítil börn í fyrsta skipti”
- „Mér hefur fundist gaman að vera í þróunarverkefninu og fá að kynna nýjum straumum og það hefur verið gott að tengjast fræðum í kringum

umhverfi og aðstöðu barnanna s.s. ný borð sem hæfa betur ungum börnum, og leitast hefði verið við að skapa börnunum meira rými til leiks og að aðgengi barna að efnivið hefði breyst þar sem hann hefði verið færður neðar. Þær nefndu einnig ný leikföng og samnýtingu efniviðar á milli deilda.

vinnu með yngstu börnunum sérstaklega af því að það er langt síðan ég vann með þennan aldurshóp”

- „Ég held að við séum á réttri braut-...býð spennt eftir þátttökuaðlögun í annað sinn, sannfærð um að hlutirnir gangi betur þar sem við erum reynslunni ríkari. Mjög gott að fá svona mikla faglega umræðu um starfið og börnin, finnst alltaf eins og ég hafi fengið smá faglegt vítamín eftir fundi...”

Fram kom að mikilvægt væri að allir starfsmenn ættu þess kost að taka þátt í fundum en að nokkuð hefði skort á nægilega þátttöku



## Hvað er framundan?

Á starfsárinu 2013 – 2014 er fyrirhugað að setja, sem fastan þátt í starfi leikskólanna, starfshætti sem byggja á undirbúningi, fræðslu og mati verkefnisins. Í könnuninni sem lögð var fyrir deildarstjóra settu þeir fram hugmyndir sínar um þær áherslur sem þeir vildu leggja í tengslum við þróunarverkefnið, í starfi sínu og deildanna starfsárið 2013 – 2014. Þar kom m.a. eftirfarandi fram:

- Tilgangur skráninga í daglegu starfi og í leik.
- Fagleg forysta.
- Heimsóknir milli skóla.
- Lestur fræðilegs efnis.
- Fundir innan leikskóla, (deildarfundir).
- Menntunarhlutverk- fagvitund-liðsheildin.
- Foreldrasamstarf.
- Daglegt líf í leikskóla – dagskipulagið-sýn á börn.

Á fundi sem fyrirhugaður er í október mun hver deildarstjóri setja sér markmið um það sem hann vill þróa og festa í sessi í vetur. Þessum markmiðum verður síðan fylgt eftir með fundum á hverjum stað með verkefnisstjóra og faglegum ráðgjafa. Í febrúar 2014 verður svo stór fundur allra þátttakenda þar sem hver leikskóli og /eða deild, kynni þá þróun sem orðið hefur í starfinu. Í framhaldi af því verða sett ný markmið fyrir hópinn.

## Kynningar

Á því undirbúningsári sem liðið er frá því að verkefnið hófst hafa ekki farið fram kynningar á verkefninu en á haustdögum 2013, nánar tiltekið 27. september, verður það kynnt á Menntakviku Menntavísindasviðs Háskóla Íslands.

Í október 2013 mun verkefnið verða kynnt á árlegri námstefnu, *Window to the world* sem haldin er í háskólanum í Oslo og Akershus. Kennarar og rannsakendur víðs vegar að koma saman og gefa innsýn í og ræða viðfangsefni sem þeir eru að fást við og tengjast menntunarfræði ungra barna.

Í nóvember verður verkefnið einnig til kynningar á málþingi RannUng sem ber heitið: Hvað felst í gæðastarfi með yngstu börnum leikskólans: Réttur barna og hlutverk leikskólakennara.

---

Dagsetning

Fyrir hönd verkefnisstjórnar  
Hrönn Pálmadóttir og Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir